

SAMANTEKT ÆÐSTA STJÓRNANDA

Markmið samantektar æðsta stjórnanda er að tryggja ábyrgð á innleiðingu og virkni jafnlaunakerfisins.

Æðsti stjórnandi ber ábyrgð á innleiðingu og virkni jafnlaunakerfis og skal hann leggja mat á uppsetningu, virkni, viðhald og eftirfylgni við stöðugar úrbætur jafnlaunakerfisins og meta og greina niðurstöður eftir því sem tilefni er til

Lýsing á starfseminni

Hér kemur greinargóð lýsing á fyrirtækinu. Sagt er frá því hvenær það var stofnað og hvað felst í starfseminni. Sagt er frá fjölda starfa og kynjahlutfalli þeirra sem vinna þau. Lýsingin á starfseminni endurspeglast í launagreiningunni, þ.e. valin viðmið fyrir starfaflokkun, fjölda og eðli starfa o.s.frv. ¹

Skýringar á því hvaða markmiðum hefur verið náð

Sagt er frá markmiðum fyrirtækisins í jafnlaunamálum. Sagt er frá því hvort markmiðunum hafi verið náð eða hvort gera þurfi betur. Hver er kynbundinn launamunur? Þarf að vinna markvissara gegn kynjaskiptingu starfa? Þarf að fjölga stjórnendum af öðru kyni? Þarf að endurskoða bónuskerfi eða vaktavinnukerfi? Hefur fyrirtækið sett fram úrbótaáætlun til þess að ná betur markmiðunum? Hvernig sér fyrirtækið fyrir sér að staðan verði að þrem árum liðnum?

Skýringar á niðurstöðum gagna

Sagt er frá helstu niðurstöðum gagnanna. Sagt er frá settum viðmiðum við starfaflokkun og vægi þeirra. Skýrt er frá kynbundnum launamun. Skýrt er á greinargóðan hátt frá niðurstöðum launagreiningarinnar; meðaltali fastra mánaðarlauna fyrir dagvinnu, föstum viðbótargreiðslum fyrir störf og öllum aukagreiðslum eftir kynjum. Skýrt er frá því hvort gögnin hafi dregið fram afbrigði (frávik). Skýrt er vel frá öllu sem kann að vekja spurningar Jafnréttisstofu.

Skýringar á afbrigðum

Öll afbrigði (frávik) eru útskýrð, þau eru auðkennd með númerum sem hafa tilvísun í launagreiningu.

Lýsing á eftirfylgni með úrbótum (ef gögnin sýna fram á nauðsyn úrbótaáætlunar)

Hér er greinargóð lýsing á úrbótum með tilvísun í fyrirliggjandi úrbótaáætlun.

¹ Spurningar til hliðsjónar: Er starfsfólk á dagvinnu/vaktavinnu/bæði? eru vinnuaðstæður svipaðar eða ólíkar hjá starfsfólki? Er starfsemin á fleiri en einum stað? Er unnið að framleiðslu/þjónustu/bæði? eru menntunarkröfur svipaðar eða á breiðu bili? Sinnir starfsfólk viðskiptavinum?